

## Anna Heiðrún Jónsdóttir

**From:** Anna Heiðrún Jónsdóttir  
**Sent:** 21. maí 2015 08:21  
**To:** Anna Heiðrún Jónsdóttir  
**Subject:** FW: Málþing nemendafélags Grundaskóla  
**Attachments:** nemendaráð Grundaskóla.docx

**From:** Berglind Þráinsdóttir  
**Sent:** 20. maí 2015 10:43  
**To:** Regína Ásvaldsdóttir  
**Subject:** Málþing nemendafélags Grundaskóla

Sæl

Þann 21. apríl síðastliðinn var haldið málþing nemendafélags Grundaskóla. Þar tóku þátt nemendur úr 7. – 10 bekk og voru fjörlegar og skemmtilegar umræður. Á þinginu var samþykkt einróma að skoða þyrfti vel aðstöðu nemenda í unglingadeildinni en nemendur eru sammála að eitthvað þarf að gera í þessum málum. Hugmyndin erí stuttu máli sú að færa kennarastofuna inn í annað rými, opna núverandi kennarastofu og búa til aðstöðu fyrir unglinganna. Meðfylgjandi er bréf frá formanni og varaformanni nemendafélags Grundaskóla varðandi þetta mál.

Fyrir hönd nemendaráðs Grundaskóla  
Berglind Þráinsdóttir  
Umsjónarmaður félagsstarfs Grundaskóla

AKRANESKAUPSTAÐUR		
Skj.nr. 13.1	Mótt. af Gsö	Mótt. dags. 21 MAI 2015
Ab.m. RA	Úrv.aðili RA	Afrit RA/SH
Símtal	Tölvup.	Fax SAS/SPH
Svarfr.	Trún.mál	Fskj. bajanráð
Málsnr. One 1505117		

Akranesi maí 2015

Til: Bæjarstjórnar Akraness  
b.t. Regína Ásvaldsdóttir

Efni: Bætt aðstaða fyrir nemendur í unglingadeild Grundaskóla

Nemendaráð Grundaskóla vill með bréfi þessu ítreka fyrri beiðnir sínar um að núverandi kaffistofa á unglingastigi verði breytt yfir í svæði fyrir nemendur eins og áður var. Í dag hafa nemendur lítið og stundum ekkert svæði til að nýta og vinna saman á og nauðsynlegt að færa kaffistofuna yfir á nýtt svæði. Við horfum öfundaraugum á Brekkubæjarskóla sem hefur þessa stóru og flottu setustofu sem er í boði fyrir unglingadeildina og eiga þau möguleika á að gera eitthvað skemmtilegt, slappa af og bara vera saman sem hópur.

Sem fyrr bendum við ykkur á lausnir og þann möguleika að aðstaða og sameiginleg kaffistofa verði sett upp í núverandi sjoppuafgreiðslu og geymslurými í suðurenda. Þessi breyting er ekki kostnaðarsöm fyrir bæjarfélagið og nýtur velvildar allra sem til málsins þekkja.

Nemendaráð Grundaskóla hefur eins og fyrr segir ítrekað tekið þetta mál upp á bæjarstjórnarfundum unga fólksins og á nemendamálþingum en ekkert hefur enn orðið að framkvæmdum. Við skorum hér með á bæjarstjórn Akraness að taka hendur úr vösum og koma málinu af stað.

Fyrir hönd Nemendaráðs Grundaskóla  
Auðun Ingi Hrólffsson, formaður NFG  
Katarína Stefánsdóttir, varaformaður NFG

AKRANESKAUPSTAÐUR		
Skj.nr. 13.1	Mótt. af G50	Mótt. dags. 21 MAÍ 2015
Áb.m. RA	Úrv.aðili RA	Afrit RA /SH
Simtal.	Tölvup.	Fax SAS /SPH
Svarfr.	Trún.mál	Fskj.
Málsnr. One 150517		